



# Orðasafn í menntunarfræðum

í vinnslu

## Íðorðanefnd í menntunarfræðum

Gerður G. Óskarsdóttir, formaður

Baldur Sigurðsson

Guðrún Geirsdóttir

Jón Ingi Hannesson

Þuríður Jóhannsdóttir



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**MENNTAVÍSINDASVIÐ**

Orðasafn í menntunarfræðum: í vinnslu

Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Orðabanki Íslenskrar málstöðvar: <http://www.ordabanki.hi.is/wordbank/search>

Umbrot pdf-skjals: Helga Jenný Stefánsdóttir

© 2015 Íðorðanefnd í menntunarfræðum

Orðabankann má ekki afrita nema með leyfi nefndar

Reykjavík, 2015

## Formáli

Reykjavík, 18. ágúst 2015

Íðorðanefnd í menntunarfræðum, sem stofnuð var árið 2009, hefur lagt rúmlega 100 íðorð með skilgreiningum á íslensku og ensku í Orðabanka Íslenskrar málstöðvar. Hér með sendum við frá okkur samantekt á þessum orðum til að kynna safnið og auðvelda notkun þess. Unnt er til fletta upp orðum á íslensku í fyrri hlutanum og ensku í þeim síðari. Um 80 orð eru nú á vinnslustigi hjá nefndinni.

Nefndin var stofnuð til að mæta mikilli þörf fyrir samræmda íðorðasmíði á sviði menntunarfræða. Ný hugtök bætast stöðugt við og mikilvægt er að geta rætt og skrifað um fræðin á íslensku. Eindreginn vilji er til að íslensk tunga sé lifandi fagmál í grein sem nær til kennara á öllum skólastigum. Það gerir þeim kleift að tala um starf sitt, bæði sín á milli og við nemendur á góðri íslensku.

Þrír aðilar tilnefna fullrúa í íðorðanefndina: Félag um menntarannsóknir (FUM), Kennarasamband Íslands og Menntavísindasvið HÍ.

Nefndin tekur saman orð og hugtök á íslensku og ensku og birtir skilgreiningar á báðum málunum til að taka af öll tvímæli um merkingu hugtakanna og skýrir þau nánar ef ástæða er til. Forsenda þess að orðasafnið þjóni tilgangi sínum er að þar sé að finna öll mikilvægustu fræðiorð á hverjum tíma. Við teljum að það muni jafnframt örva frekari íðorðasmíði innan greinarinnar og ekki síst sýna stofnunum og samtökum innan menntunarfræða fram á mikilvægi þess að hlúa að slíkri vinnu.

Markmiðið er að um 1.000 íðorð á öllum helstu sviðum menntunarfræða sé að finna í Orðabanka Íslenskrar málstöðvar ásamt skilgreiningum á íslensku og ensku. Markhópurinn eru fræðimenn, starfendur og nemendur á sviði uppeldis- og menntunarfræða, þar með taldir allir starfsmenn og stjórnmendur í skóla- og menntastofnunum.

Nefndin vinnur eftir leiðbeiningum um íðorðasöfn og eigin starfsreglum. Stuðst er við skilgreiningar á orðum í íslenskum og erlendum fræðiritum, kallað eftir efni frá fulltrúum rannsóknastofa Menntavísindasviðs HÍ og brugðist við fyrirspurnum fræðimanna um þýðingar og skýringar á hugtökum. Til eru ýmsir orðalistar sem nefndin hefur til hliðsjónar en þar eru hugtökin yfirleitt án skilgreininga.

Íðorðanefndin hlaut styrk úr Málræktarsjóði á síðasta ári að upphæð kr. 850.00.-. Hann var nýttur til að ráða starfsmann tímabundið, Helgu Jennýju Stefánsdóttur, MA, til að vinna með nefndinni í hálfu starfi í nokkra mánuði. Ráðning hennar varð til þess að nefndin náði því markmiði að fullvinna nægilega mörg skilgreind orð svo opna mætti aðgang að safninu. Orðasafnið í menntunarfræðum í Orðabankanum var opnað af sviðsforseta Menntavísindasviðs HÍ, dr. Jóhönnu Einarsdóttur, 3. október 2014 á Menntakviku, árlegri ráðstefnu sviðsins.

Það er von okkar að orðasafnið nýtist þeim sem fjalla um menntunarfræði í töluðu og rituðu máli.

Íðorðanefnd í menntunarfræðum,  
Gerður G. Óskarsdóttir, formaður  
Baldur Sigurðsson  
Guðrún Geirsdóttir  
Jón Ingi Hannesson  
Þuríður Jóhannsdóttir

## Efnisyfirlit

Formáli .....	2
Efnisyfirlit.....	3
Íslensk - ensk .....	4
Ensk - íslensk.....	32

# Íslensk - ensk

## A

### **aðalnámskrá**

(flokkun: *stjórnun og skipulag*)

[**skilgr.**] Námskrá, gefin út af yfirvöldum menntamála, sem kveður á um markmið og fyrirkomulag skólstarfs á landsvísu. Aðalnámskrá útfærir nánar ákvæði laga um námsgreinar og námssvið, og segir til um áherslur og vægi.

[**skýr.**] Aðalnámskrá er stjórnæki til að fylgja eftir ákvæðum laga, fyriræli fræðsluyfirvalda um skólastefnu og safn sameiginlegra markmiða skólstarfs í landinu. Aðalnámskrá er ætlað að samræma nám og kennslu að því marki sem þörf er talin á.

[**dæmi**] Aðalnámskrá leikskóla, aðalnámskrá grunnskóla, aðalnámskrá framhaldskóla, aðalnámskrár einstakra námsgreina.

[**aths.**] Aðalnámskrá er opinber stefna menntamálayfirvalda á hverjum stað, skólanámskrá byggir á aðalnámskrá og er löguð að stefnu hvers skóla, bekkjarnámskrá byggir á aðalnámskrá og skólanámskrá og gildir fyrir hvern bekk eða námshóp.

(heimild skilgreiningar: *Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2013*)

(heimild skýringar: *Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2013*)

(heimild dæmis: *Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2013*)

[**enska**] national curriculum

[**skilgr.**] A common programme of study in schools that is designed to ensure nationwide uniformity of content and standards in education. It is usually legislated by the national government, and may involve coordination with state or other regional authorities which have administered school curriculum.

[**dæmi**] Australian Curriculum, National Curriculum (England, Wales and Northern Ireland) and Curriculum for Excellence (Scotland).

[**aths.**] The national curriculum is public school policy, the school curriculum is

based on the national curriculum for each school, and the class curriculum is based on the national and the school curriculum and applies to each class or group.

(heimild skilgreiningar: *Wikipedia 2014*)

(heimild dæmis: *Wikipedia 2014*)

### **aðgangspróf háskólastigsins**

(flokkun: *kennsla og mat*)

[**skilgr.**] Almennt og samræmt próf sem deildir/skorir/svið geta notað við val nemenda inn í grunnnám háskóla hér á landi. Með APH hafa íslenskir háskólar aðgang að samræmdu og almennu viðmiði við inntöku nýnema í þeim tilfellum þar sem æskilegt eða jafnvel nauðsynlegt reynist að takmarka aðgang. Tilgangurinn er að nota prófið til að meta færni nemenda eftir framhaldsskólanám og spá fyrir um getu umsækjanda til að ná árangri í háskólanámi.

(heimild skilgreiningar: *Aðgangspróf fyrir háskólastig 2012-2013 skýrsla þróunarhóps APH og Námsmatsstofnunar til rektors Háskóla Íslands*)

[**enska**] The Icelandic standardized university entrance exam

(*Vafasamt*)

[**skilgr.**] The Icelandic standardized university entrance exam is an examination some departments in Icelandic universities administer. The results are used to select students for admission where it is preferable or necessary to limit the number of new students. Its main purpose is to predict academic achievement in higher education.

(heimild skilgreiningar: *Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014*)

### **aðstæðubundið nám**

(flokkun: *nám og þroski*)

[**sh.**] aðstæðutengt nám

[**skilgr.**] Nám sem er háð aðstæðum, þ.e. sú hugmynd að færni og þekking sé bundin þeim aðstæðum þar sem námið fer fram og erfitt sé að yfirfæra það á aðrar aðstæður.

[**dæmi**] Kennaranemi læri til starfa á vettvangi starfsins í einum skóla en þarf svo að læra uppá nýtt að tileinka sér starfið þegar hann fer að kenna í öðrum skóla.

(heimild skilgreiningar: *Lave og Wenger 1991*)

[**enska**] situated learning

[**skilgr.**] The idea that skills and knowledge are tied to the situation in which they were learned and difficult to apply in new setting. (*heimild skilgreiningar: Woolfolk, Hughes og Walkup 2008 p. 722*)

#### **aðstæðumiðuð forysta**

(*flokkun: stjórnun og skipulag*)

[**skilgr.**] Forysta sem tekur mið af og er háð aðstæðum.

(*heimild skilgreiningar: Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014*)

[**enska**] situational leadership

[**skilgr.**] What an individual actually does when acting as a leader is in large part dependent upon characteristics of the situation in which he functions.

(*heimild skilgreiningar: Hemphill 1949, Wikipedia 2012*)

## Á

### **áfangalýsing**

(*flokkun: stjórnun og skipulag*)

[**sh.**] námskeiðslýsing

[**skilgr.**] Yfirlit yfir helstu markmið og/eða hæfniviðmið, viðfangsefni, skipulag náms og kennslu, og námsmat í áfanga eða námskeiði.

[**skýr.**] Við skipulag kennsluáætlana er byggt á áfangalýsingum og útfært hvernig á að ná þeim viðmiðum sem þar birtast í viðkomandi áfanga eða námskeiði.

(*heimild skilgreiningar: Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014*)

(*heimild skýringar: Íðorðanefnd 2015*)

[**enska**] syllabus

[**sh.**] course syllabus

[**skilgr.**] A specification of learning objectives, learning outcomes and content of a course of study.

[**skýr.**] In drawing up a scheme of work and lessons plans, the teacher translates the content of the syllabus into an appropriately sequenced series of lessons designed to enable learners to achieve the learning outcomes which the syllabus sets out.

(*heimild skilgreiningar: Oxford Dictionary of Education 2009*)

(*heimild skýringar: Oxford Dictionary of Education 2009*)

## A

### **afburðagreind**

(*flokkun: nám og þroski*)

[**skilgr.**] Vitsmunir eða greind marktækt ofan við meðallag.

[**skýr.**] Eiginleiki sem talinn er fylgja einstaklingi fram á fullorðinsár.

[**enska**] intellectual giftedness

[**skilgr.**] Intellectual giftedness is an intellectual ability significantly higher than average. It is a characteristic of children, variously defined, that motivates differences in school programming. It is thought to persist as a trait into adult life, with various consequences studied in longitudinal studies of giftedness over the last century.

[**skýr.**] The various definitions of intellectual giftedness include either general high ability or specific abilities.

[**dæmi**] By some definitions an intellectually gifted person may have a striking talent for mathematics without equally strong language skills.

[**aths.**] The relationship between artistic ability or musical ability and the high academic ability usually associated with high IQ scores is still being explored, with some authors referring to all of those forms of high ability as "giftedness," while other authors distinguish "giftedness" from "talent."

(*heimild skilgreiningar: Wikipedia 2014*)

(*heimild skýringar: Wikipedia 2014*)

(*heimild dæmis: Wikipedia 2014*)

### **afburðanemandi**

(*flokkun: nám og þroski*)

[**sh.**] bráðger nemandi

[**skilgr.**] Nemandi sem er með hæfileika til náms verulega umfram jafnaldra sína hvort sem er í listnámi, verknámi eða bóknámi.

(*heimild skilgreiningar: Oxford Dictionary of Education*)

[**enska**] gifted student

[**skilgr.**] Pupils who have abilities which are developed to a level significantly, above that of their year group or who are judged to have the potential to develop such abilities.

(heimild skilgreiningar: *Oxford Dictionary of Education 2009*)

### **alþjóðaskóli**

(flokkun: *stjórnun og skipulag*)

[**skilgr.**] Skóli ætlaður nemendum hvaðanæva að úr heiminum og starfar samkvæmt eigin eða alþjóðlegri námskrá.

[**skýr.**] Getur verið á ýmslum skólastigum (leik-, grunn-, framhalds- og háskólastigi) og getur afmarkast við námsgreinar (bóknám, listgreinar, iðngreinar) eða hugmyndafræði. Oft menningarlega fjölbreytilegir í kennsluháttum og námsframboði.

[**dæmi**] Sjá International School of Iceland <http://www.internationalschool.is> The International Baccalaureate.

(heimild skilgreiningar: *Ari Páll Kristinsson 2014, Wikipedia 2014*)

(heimild skýringar: *Ari Páll Kristinsson 2014, Wikipedia 2014*)

[**enska**] international school

[**skilgr.**] A school that promotes international education, in an international environment, either by adopting a curriculum or by following a national curriculum different from that of the school's country of residence.

[**dæmi**] International School of Iceland, The International Baccalaureate, Edexcel, Cambridge International Examinations.

(heimild skilgreiningar: *Wikipedia 2014*)

(heimild dæmis: *Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014*)

## **Á**

### **áunnin námskrá**

(flokkun: *stjórnun og skipulag*)

[**skilgr.**] Námskrá sem felur í sér þá þekkingu, leikni og viðhorf sem nemandi raunverulega tileinkar sér í námi og skóla.

[**aths.**] Áformuð námskrá er námskráin áður en til kennslu kemur, virk námskrá er sú námskrá sem kemur til framkvæmdar í kennslustofunni og áunnin námskrá er raunveruleg námsreynsla nemenda.

(heimild skilgreiningar: *Rúnar Sigþórsson 2011*)

[**enska**] achieved curriculum

[**sh.**] learned curriculum, received curriculum

[**skilgr.**] The achieved curriculum is the reality of the pupils' experience. That includes social values as well as those concepts and content that are truly learned and remembered.

[**aths.**] Intended curriculum is what policy requires, implemented curriculum is what is taught in schools, received curriculum is everything students learn.

(heimild skilgreiningar: *Kelly 2004; <http://coefaculty.valdosta.edu> sótt 2014*)

## **B**

### **bekkjarnámskrá**

(flokkun: *stjórnun og skipulag*)

[**skilgr.**] Námskrá fyrir árgang eða bekk.

[**skýr.**] Bekkjarnámskrá er yfirleitt skjalfest og nýtt til upplýsinga og samræmingar á námi innan skóla.

[**aths.**] Aðalnámskrá er opinber stefna menntamálayfirvalda á hverjum stað, skólanámskrá byggir á aðalnámskrá og er löguð að stefnu hvers skóla, bekkjarnámskrá byggir á aðalnámskrá og skólanámskrá og gildir fyrir hvern bekk eða námshóp.

(heimild skilgreiningar: *Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014*)

(heimild skýringar: *Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014*)

[**enska**] class curriculum

[**skilgr.**] Curriculum for a class or a year.

(heimild skilgreiningar: *Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014*)

### **bernskurannsóknir**

(flokkun: *hugmyndafræði*)

[**skilgr.**] Þverfaglegt fræðasvið sem sækir til ólíkra rannsóknasviða til að skilja bernskuna og reynslu barna.

(heimild skilgreiningar: *Wikipedia 2012, Íðorðanefnd í menntunarfr. 2012*)

[**enska**] childhood studies

[**skilgr.**] Childhood studies is a multi-disciplinary field that utilizes all areas of study to understand childhood as experienced by children.

(heimild skilgreiningar: *Wikipedia 2012*)



## **blandað nám**

(flokkun: nám og þroski)

[sh.] dreifnám

[skilgr.] Námsfyrirkomulag sem er samsett (hybrid) þannig að hluti námsins er skipulagður í skólahúsnæði (face-to-face eða campus-based) og hluti á netinu þar sem nemandinn getur að einhverju leyti ráðið stað og stund, framvindu og hraða yfirferðar.

[skýr.] Sumir nota þá skilgreiningu að ef 30-79% af efni námskeiðs sé miðlað á Neti sé rétt að nota heitið blandað nám, staðnám ef það er undir 30% en netnám/fjarnám ef það er 80% eða meira.

(heimild skilgreiningar: Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014)

(heimild skýringar: Allen, Seaman og Garrett 2007)

[enska] blended learning

[sh.] hybrid learning

[skilgr.] 1. Blended learning is any time a student learns at least in part at a supervised brick-and-mortar location away from home and at least in part through online delivery with some element of student control over time, place, path, and/or pace. 2. Combination of e-learning and face-to-face student-teacher contact.

(heimild skilgreiningar: iNACOL 2011; The online learning definitions project. Sótt 2011; Oxford Dictionary of Education 2009)

## **bóknámsrek**

(flokkun: stjórnun og skipulag)

[skilgr.] Þróun í inntaki náms þar sem hlutfall bóklegrar eða fræðilegrar áherslu eykst á kostnað verklegs hluta námsins.

(heimild skilgreiningar: Íðorðanefnd í menntunarfræðum 2014)

[enska] academic drift

[skilgr.] 'Academic drift' is a term sometimes used to describe the process whereby knowledge which is intended to be useful gradually loses close ties to practice while becoming more tightly integrated with one or other body of scientific knowledge.

(heimild skilgreiningar: Harwood 2010)

## **brotthvarf**

(flokkun: nám og þroski)

[sh.] brottfall

[skilgr.] Að hverfa úr skólanámi án þess að ljúka því námi sem hafið var.

[skýr.] Brotthvarf getur verið tímabundið. Orðið brottfall gefur í skyn að um endanlegt brottthvarf sé að ræða. Enska orðið drop-out merkir einnig nemanda sem hverfur frá námi.

(heimild skilgreiningar: Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014)

(heimild skýringar: Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014)

[enska] drop-out

[sh.] school leaving

[skilgr.] 1. Those who do not complete the education they have started. 2. People age 20-24 with educational level below upper secondary and not currently in education.

(heimild skilgreiningar: Wikipedia 2012 1. Jónasson og Blöndal 2004. 2. OECD 2005)

## **D**

### **dulin námskrá**

(flokkun: stjórnun og skipulag)

[skilgr.] Það sem nemendur læra í skólanum en er ekki hluti af áformaðri námskrá, er hvergi skráð og lærist jafnvel óafvitandi.

[skýr.]

[dæmi] Sem dæmi má nefna ýmis viðmið og gildi, bæði jákvæð og neikvæð, eins og stundvísi og óstundvísi, heiðarleiki og svindl.

[aths.] Dulin námskrá og matsnámskrá eru undirflokkar við og hafa áhrif á áformuðu, virku og áunnu námskránna.

(heimild skilgreiningar: Rúnar Sigþórsson 2011)

(heimild skýringar: Oxford Dictionary of Education 2009)

(heimild dæmis: Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014)

[enska] hidden curriculum

[skilgr.] A curriculum which includes the unwritten, unofficial, and often unintended lessons, values, and perspectives that students learn in school.

[**skýr.**] The hidden curriculum refers to the incidental or accidental learning; acquiring the knowledge, skills, or attitudes which were not part of the formal intended learning outcomes, both positive and negative.

(heimild skilgreiningar: *edglossary 2014*)  
(heimild skýringar: *Oxford Dictionary of Education 2009*)

## E

### **einstaklingsáætlun**

(flokkun: *kennsla og mat*)

[**skilgr.**] Áætlun um nám einstaklings til lengri eða skemmri tíma sem sniðin er að styrkleikum hans og veikleikum.

[**skýr.**] Einstaklingsáætlun er notað almennt um áætlanir sem gerðar eru fyrir einstaka nemendur í námshópi (getur verið unnin af kennara, nemanda eða í samvinnu beggja). Hugmyndin að baki einstaklingsáætlun gerir ráð fyrir að nemendur hafi ólíkar þarfir og þeim þurfi að mæta á ólíkan máta. Áhersla er á aukin áhrif nemanda á eigið nám.

[**aths.**] Hugtakið einstaklingsnámskrá lýsir aftur á móti námsskrá sem er sérstaklega aðlöguð að einstökum nemendum með námserfiðleika eða fötlun og er ætlað að mæta skilgreindum þörfum þeirra.

(heimild skilgreiningar: *Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014*)

(heimild skýringar: *Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014*)

[**enska**] individual learning plan

[**skilgr.**] A user (student) specific program or strategy of education or learning that takes into consideration the student's strengths and weaknesses.

[**skýr.**] While normal classroom or distance education is based on the premise that all should get equal attention (a democratic principle), be exposed to same curriculum and evaluated on the same pattern ('one size fits all'), ILP presumes that the needs of individual students are different, and thus, must be differently addressed. Emphasis on the student's role in the learning experience

has been shown to be crucial to a productive learning experience.

(heimild skilgreiningar: *Wikipedia 2014*)

(heimild skýringar: *Wikipedia 2014*)

### **einstaklingsnámskrá**

(flokkun: *stjórnun og skipulag*)

[**skilgr.**] Námskrá sem er sérstaklega aðlöguð að einstökum nemendum með námserfiðleika eða fötlun og er ætlað að mæta skilgreindum þörfum þeirra.

[**aths.**] Sjá einnig einstaklingsáætlun.

(heimild skilgreiningar: *Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014*)

[**enska**] individual education plan

[**skilgr.**] IEP builds on the curriculum that a child with learning difficulties or disabilities is following and is designed to set out the strategies being used to meet each child's identified needs.

(heimild *skilgreiningar:* <http://www.specialeducationalneeds.co.uk> sótt 2014)

### **einstaklingsverkefni**

(flokkun: *kennsla og mat*)

[**sh.**] einstaklingsvinna

[**skilgr.**] Nemendur vinna einstaklingslega án teljandi samvinnu við félag sína.

[**skýr.**] Verkefnið er bæði hægt að vinna sem tímaverkefni og sem heimaverkefni.

(heimild skilgreiningar: *Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014*)

(heimild skýringar: *Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014*)

[**enska**] individual assignment

[**skilgr.**] Pupils work separately on individual tasks rather than working as a group or class.

[**skýr.**] The assignment can be done as classroom work or as homework.

(heimild skilgreiningar: *Oxford Dictionary of Education 2009*)

## F

### **faglegt námssamfélag**

(flokkun: *námsumhverfi*)

[**sh.**] faglegt lærdómssamfélag

[**skilgr.**] Námssamfélag meðal starfsmanna skóla eða annarra stofnana sem byggist á að læra saman og ígrunda starf sitt með

sameiginlegt markmið eða sýn að leiðarljósi.

[**skýr.**] Í árangursríku námssamfélagi í skóla ríkir menning sem hvetur til stöðugs námi meðal starfsfólks í þeim tilgangi að styrkja nám nemendanna.

(heimild skilgreiningar: Anna Kristín Sigurðardóttir 2006 og nefndin)

(heimild skýringar: Anna Kristín Sigurðardóttir 2013 og nefndin)

[**enska**] professional learning community

[**skilgr.**] PLC is an extended learning opportunity to foster collaborative learning among colleagues within a particular work environment or field. It is often used in schools as a way to organize teachers into working groups.

[**skýr.**] In a learning community within a school you can see a group of teachers sharing and critically interrogating their practice in an on-going, reflective, collaborative, inclusive, learning-oriented, growth-promoting way. Effective professional learning communities have the capacity to promote and sustain the learning of professionals in a school with the collective purpose of enhancing student learning.

(heimild skilgreiningar: Wikipedia 2014)

(heimild skýringar: Stall og Louis 2007)

### **ferilmappa**

(flokkun: kennsla og mat)

[**sh.**] safnmappa, verkmappa

[**skilgr.**] Safn af vinnu nemenda á ákveðnu sviði sem vitnisburður um framfarir, ígrundun og frammistöðu. Meðal annars notað við námsmat.

[**skýr.**] Ferilmappa getur verið safnmappa með verkefnum nemenda eða sýnismappa með völdum verkefnum.

(heimild skilgreiningar: Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014 )

(heimild skýringar: Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014 )

[**enska**] portfolio

[**skilgr.**] A collection of the pupil's work in an area, showing growth, self-reflection and achievement.

(heimild skilgreiningar: Woolfolk, Hughes og Walkup 2008 p. 720)

### **fjarnám**

(flokkun: stjórnun og skipulag)

[**sh.**] fjarkennsla

[**skilgr.**] Skipulag á námi sem felur í sér að nemendur og kennarar eru ekki á sama stað. Samskipti þeirra geta verið samtímis eða mistímis.

[**skýr.**] Á íslensku er talað um fjarnám (distance learning) og/eða fjarkennslu (distance teaching) eftir því hvort miðað er við nemendur eða kennara/kennslustofnanir. Á ensku er menntahugtakið oft í brennidepli, þ.e. hugtakið distance education. Á íslensku hefur ekki skapast hefð fyrir samsvarandi hugtaki (fjarmentun) og ekki víst að það væri æskilegt.

(heimild skilgreiningar: iNACOL 2011)

(heimild skýringar: Guðrún Geirsdóttir o.fl. 2007)

[**enska**] distance learning

[**sh.**] distance education

[**skilgr.**] General term for any type of educational activity in which the participants are at a distance from each other - in other words, are separated in space. They may or may not be separated in time (asynchronous vs. synchronous).

(heimild skilgreiningar: iNACOL 2011)

### **fyrirlestur**

(flokkun: kennsla og mat)

[**skilgr.**] Kennsluaðferð þar sem kennari eða nemandi miðlar þekkingu eða útskýrir eitthvert viðfangsefni munnlega. Um er að ræða einstefnumiðlun án mikillar þátttöku áheyrenda.

[**skýr.**] Við framsetningu fyrirlestra nota kennarar gjarnan skjásýningar.

[**aths.**] Þáttökufyrirlestur eða gagnvirkur fyrirlestur er fyrirlestur þar sem gert er ráð fyrir fyrirspurnum og samræðu við áheyrendur.

(heimild skilgreiningar: Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014)

(heimild skýringar: Ingvar Sigurgeirsson 2008, Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014)

[**enska**] lecture

[**skilgr.**] An oral presentation intended to present information or teach people about a particular subject, for example by school

teacher. Lecturing is mainly a one way method of communication.

[**skýr.**] Lectures represent a continuation of oral tradition in contrast to textual communication in books and other media.

(heimild skilgreiningar: Wikipedia 2014)

(heimild skýringar: Wikipedia 2014)

## G

### greinandi próf

(flokkun: kennsla og mat)

[**skilgr.**] Mat sem felst í að leggja fyrir próf til að finna styrkleika eða veikleika í kunnáttu eða færni nemenda.

[**skýr.**] Niðurstöður greinandi prófa eru oft notaðar sem grunnur að gerð einstaklingsáætlunar eða einstaklingsnámsskrár.

(heimild skilgreiningar: Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014)

(heimild skýringar: Oxford Dictionary of Education 2009)

[**enska**] diagnostic test

[**skilgr.**] A test whose purpose is to evaluate a learner's strengths and areas for development.

[**skýr.**] It is a means of discovering what first steps to take in developing an individual learning plan.

(heimild skilgreiningar: Oxford Dictionary of Education 2009)

(heimild skýringar: Oxford Dictionary of Education 2009)

### greindarpróf

(flokkun: kennsla og mat)

[**sh.**] greindarvísitölupróf

[**skilgr.**] Hæfileikapróf sem er ætlað að vera mælikvarði á greind og almenna hæfileika til náms, þar með talið skólanám.

[**skýr.**] Greindarpróf eru meðal annars notuð við greiningu á nemendum með þroskahömlun og bráðgerum nemendum. Þau er hægt að leggja fyrir einstaklinga eða hópa og eru yfirleitt stöðluð og staðalbundin.

[**aths.**] Sjá einnig hæfileikapróf (e. aptitude test), staðlað próf (e. standardized test) og staðalbundið próf (e. norm-referenced).

(heimild skilgreiningar: Orðgnótt 2006)

(heimild skýringar: Orðgnótt 2006, Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014)

[**enska**] intelligence test

[**sh.**] intelligence quotient test, IQ test

[**skilgr.**] An aptitude test designed to measure someone's level of intelligence and learning potential, including school aptitude.

[**skýr.**] Most intelligence tests are standardized and norm-referenced and they can be used to recognize mental disabilities as well as intellectually precocious individuals. Intelligence tests are either administered to groups or individuals.

[**aths.**] See also aptitude test, standardized test and norm-referenced test.

(heimild skilgreiningar: Oxford Dictionary of Education 2009; Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014)

(heimild skýringar: Oxford Dictionary of Education 2009; Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014)

## H

### hæfileikapróf

(flokkun: kennsla og mat)

[**skilgr.**] Próf sem ætlað er að mæla undirliggjandi hæfni til að tileinka sér nýja færni og þekkingu, fremur en að mæla tiltekna færni eða þekkingu, sem einstaklingur hefur á hverjum tíma.

[**skýr.**] Hæfileikapróf eru algeng við starfsmannaval.

[**dæmi**] Greindarpróf (intelligence test) og inntökupróf (entrance exam) eru dæmi um próf sem ætlað er að meta undirliggjandi hæfileika og spá fyrir um frammistöðu á ákveðnu sviði.

[**aths.**] Ekki eru skýr mörk á milli slíkra prófa og kunnáttuprófa (achievement test) þótt augljós munur sé á prófum sem eru dæmigerð fyrir hvort um sig.

(heimild skilgreiningar: Guðmundur Arnkelsson 2006)

(heimild skýringar: Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014)

(heimild dæmis: Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014)

[**enska**] aptitude test

[**skilgr.**] A test to measure the potential of an individual to assimilate knowledge, skill, or understanding successfully.

[**skýr.**] Aptitude tests are more widely used in selection procedures for employment than for assessment of educational purposes.

(heimild skilgreiningar: *Oxford Dictionary of Education 2009*)

(heimild skýringar: *Oxford Dictionary of Education 2009*)

### **hagsmunaaðilar skóla**

(flokkun: *námsumhverfi*)

[**skilgr.**] Hagsmunaaðilar skóla eru þeir sem taka þátt í eða hafa hag af því að menntun sé veitt.

[**dæmi**] Hagsmunaaðilar geta verið nemendur, stjórnvöld, kennarar, námsráðgjafar, foreldrar, aðilar í atvinnulífi o.s.frv.

(heimild skilgreiningar: *Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014*)

(heimild dæmis: *Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014*)

[**enska**] school stakeholders

[**skilgr.**] Students, society, and government participating in or benefiting from the provision of education

[**dæmi**] Hence, an education stakeholder includes students, academics, employment and careers advisors, teaching and learning managers, employers of recent graduates, business deans, professional bodies, libraries, PTAs and other parent organizations.

(heimild skilgreiningar: *Campbell and Rozsnyai 2002 p. 133*)

(heimild dæmis: <https://www.englishforums.com/English/EducationStakeholder/mbwl/post.htm>)

### **heimaverkefni**

(flokkun: *kennsla og mat*)

[**skilgr.**] Verkefni sem nemendur vinna sjálfstætt utan kennslustundar.

[**skýr.**] Það getur verið einstaklingsverkefni, paraverkefni eða hópverkefni.

(heimild skilgreiningar: *Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014*)

(heimild skýringar: *Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014*)

[**enska**] homework

[**sh.**] homework assignment

[**skilgr.**] Tasks related to their school studies which pupils are expected to complete outside school hours.

(heimild skilgreiningar: *Oxford Dictionary of Education 2009*)

### **herminám**

(flokkun: *nám og þroski*)

[**skilgr.**] Nám sem fer fram með því að veita öðrum athygli og tileinka sér verk, venjur, hátterni eða viðhorf.

[**skýr.**] Herminám getur verið bæði ósjálfrátt og viljandi og á sér stað út lífið.

[**dæmi**] Herminám getur verið allt frá einstöku atriði eins og að barn læri að vinka með því að herma eftir foreldri allt upp í flókin hegðunarmynstur eins og að aðlagast samfélagi með því að fylgjast með menningu og venjum umhverfisins.

[**aths.**] Herminám tilheyrir félagsnámskenningum innan námssálfræðinnar (Bandura). Skilgreing, skýring og dæmi eru samin með hliðsjón af Orðaskrá úr uppeldis og sálfræði (1986) og Guðmundi B. Arnkelssyni (2006).

(heimild skilgreiningar: *Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014*)

(heimild skýringar: *Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014*)

(heimild dæmis: *Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014*)

[**enska**] observational learning

[**sh.**] social learning, vicarious learning

[**skilgr.**] Learning that occurs as a result of observing and imitating others.

[**skýr.**] Observational learning can be both vicarious and purposeful. It takes place at any stage in life, but is thought to be of greater importance during childhood.

[**dæmi**] Observational learning ranges from single behavior such as learning to wave goodbye by imitating a parent, to complex patterns such as adjusting to a community by observing existing culture and customs and imitating others.

(heimild skilgreiningar: <http://psychology.about.com/od/oindex/fl/What-Is->

*Observational-Learning.htm* sótt 2014;  
*Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014)*  
(heimild skýringar: *princeton.edu* sótt  
2014; *Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014)*  
(heimild dæmis: *Íðorðanefnd í*  
*menntunarfr. 2014)*

### **hlítarnám**

(flokkun: *kennsla og mat*)

[**skilgr.**] Kennsluáðferð sem miðar að því að nemendur læri til hlítar hvern þátt námsins áður en næsti þáttur er kynntur.

(heimild skilgreiningar: *Ingvar Sigurgeirsson 2013, bls. 49*)

[**enska**] mastery learning

[**sh.**] mastery style

[**skilgr.**] Teaching practice which the students master in each learning unit before proceeding to a more advanced learning task.

(heimild skilgreiningar: *Bloom 1985*)

### **hönnunarmiðuð rannsókn**

(flokkun: *hugmyndafræði*)

[**sh.**] hönnunargrunðuð rannsókn

[**skilgr.**] Rannsóknaraðferð sem oft er notuð í menntunarfræðum og felst þá í að prófa endurtekið kenningu eða líkan um nám við raunverulegar aðstæður með það í huga að athuga hvernig kenningin fellur að aðstæðunum. Markmiðið er að endurbæta kenningarnar, líkönin og/eða aðstæðurnar jafnt og þétt.

[**dæmi**] Inngrip, aðferðir og aðstæður hannaðar í samræmi við ákveðna kenningu, prófað endurtekið á vettvangi og er endurskoðað og endurbætt jafn óðum.

(heimild skilgreiningar: *Wikipedia 2013*)

[**enska**] design based research

[**skilgr.**] A type of research methodology commonly used by researchers in the learning sciences. Interventions are conceptualized and then implemented iteratively in natural settings in order to test the ecological validity of dominant theory and to generate new theories and frameworks for conceptualizing learning, instruction, design processes, and educational reform.

[**dæmi**] Data analysis often takes the form of retrospective, cross-iteration comparisons.

(heimild skilgreiningar: *Wikipedia 2012*)

(heimild dæmis: *Wikipedia 2012*)

### **hópvinna**

(flokkun: *kennsla og mat*)

[**sh.**] hópavinna, hópverkefni, hópvinnubrögð

[**skilgr.**] Kennsluáðferð þar sem nemendum er ætlað að vinna saman í hópum að lausn ákveðins viðfangsefnis eða verkefnis.

[**skýr.**] Notað um hvers kyns samvinnu nemenda sem getur tekið á sig ýmsar myndir allt frá umræðu til að komast að niðurstöðu til lausna áþreifanlegra verkefna. Samvinnunám og samvirkt nám eru dæmi um hópvinna. Nemendur þurfa, þegar þessum aðferðum er beitt, að afmarka viðfangsefni sameiginlega, koma sér saman um verkaskiptingu s.s. við upplýsingaöflun, úrvinnslu og miðlun.

(heimild skilgreiningar: *Íðorðanefnd í menntunarfr. 2015*)

(heimild skýringar: *Ingvar Sigurgeirsson 2014*)

[**enska**] group work

[**skilgr.**] Group work is a way of getting students to work together to solve a problem or learn new information.

[**skýr.**] By using group work, educators teach students how to learn from one another's ideas.

(heimild skilgreiningar: [http://serc.carleton.edu/k12/teaching\\_strategies.html](http://serc.carleton.edu/k12/teaching_strategies.html))

(heimild skýringar: [http://serc.carleton.edu/k12/teaching\\_strategies.html](http://serc.carleton.edu/k12/teaching_strategies.html))

## **Í**

### **ígrundun**

(flokkun: *kennsla og mat*)

[**skilgr.**] Starfsvenja sem felur í sér að líta til baka yfir ákveðin atvik í faglegu starfi og velta þeim fyrir sér. Tilgangurinn er að draga ályktanir af reynslunni um hvernig megi þróa faglega færni og vinnubrögð.

(heimild skilgreiningar: *Wallace 2008; Íðorðanefnd í menntunarfr. 2013*)

[**enska**] reflection

[**skilgr.**] Act of reviewing specific incidents in professional practice and reflecting upon them in order to draw conclusions about

how they might develop professional skills and practices.  
(heimild skilgreiningar: Wallace 2008)

## I

### **innlegg**

(flokkun: kennsla og mat)

[sh.] innlög, kynning

[skilgr.] Kennsluaðferð þar sem kennari kynnir tiltekið efni og útskýrir það í stuttu máli.

[skýr.] Innlegg er oft kynning á viðfangsefnum í upphafi kennslustundar eða vinnuferlis.

(heimild skilgreiningar: Íðorðanefnd í menntunarfr. 2015)

(heimild skýringar: Íðorðanefnd í menntunarfr. 2015)

[enska] introduction

[skilgr.] A lecture format in which the instructor talks shortly about a particular topic, with or without visual or auditory aid.

(heimild skilgreiningar: Sótt af <http://serc.carleton.edu/introgeo/gallerywalk/active.html>; Íðorðanefnd í menntunarfr. 2015)

### **inntökupróf**

(flokkun: kennsla og mat)

[skilgr.] Próf sem er notað til að velja nemendur inn í skóla eða nám.

[skýr.] Inntökupróf er hægt að nota á öllum skólastigum og öllum tegundum náms. Þau eru algengari til að velja inn í nám á efri skólastigum.

[dæmi] Inntökupróf geta verið margvísleg, s.s. áheyrnarp próf í tónlistarnám eða Aðgangspróf háskólastigsins til að komast í tiltekið háskólanám.

[aths.] Inntökupróf geta verið til dæmis hæfileikapróf eða þekkingarpróf.

(heimild skilgreiningar: Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014)

(heimild skýringar: Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014)

(heimild dæmis: Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014)

[enska] entrance examination

[skilgr.] An examination used to select students for admission to educational institution or a course of study.

[skýr.] Can be administered at any level or type of education, from primary to higher education, although they are more common at higher levels.

[aths.] Can be either an aptitude test or achievement test.

(heimild skilgreiningar: Wikipedia 2014, Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014)

(heimild skýringar: Wikipedia 2014, Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014)

## J

### **jafningjahópur**

(flokkun: nám og þroski)

[skilgr.] Hópur einstaklinga sem er félagslega einsleitur, er á líkum aldri, hefur svipuð áhugamál, bakgrunn eða þjóðfélagsstöðu. Einstaklingarnir eru líklegir til að hafa áhrif á viðhorf og hegðun hver annars. Innan jafningjahópa getur myndast ákveðin virðingarröð og sérstök hegðun sem er einkennandi fyrir hópinn.

[dæmi] Jafningjahópar geta verið af ýmsum stærðum og gerðum. Innan skóla eru margir jafningjahópar, geta verið heill bekkur, hópar um áhugamál eða annað sem getur sameinað fólk.

(heimild skilgreiningar: Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014)

(heimild dæmis: Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014)

[enska] peer group

[skilgr.] A peer group is a social group of people who have similar interests (homophily), age, background, and social status. The members are likely to influence each others beliefs and behaviour. Peer groups contain hierarchies and distinct patterns of behavior.

(heimild skilgreiningar: Wikipedia 2014)

## K

### **kennarastýring**

(flokkun: kennsla og mat)

[**skilgr.**] Kennsluhættir þar sem kennari setur markmið, leggur fyrir verkefni, metur og hvetur nemendur. Kennari hefur alla þræði í hendi sér í skólastofunni.

(heimild skilgreiningar: Íðorðanefnd í menntunarfr. 2013)

[**enska**] teacher directed instruction

[**skilgr.**] Teaching methods where the teacher sets learning objectives, designs student activities, motivates the students and evaluates their work. The teacher controls learning procedures and processes within the classroom.

(heimild skilgreiningar: Íðorðanefnd í menntunarfr. 2013, byggt á Wikipedia)

### **kennsluaðferð**

(flokkun: kennsla og mat)

[**skilgr.**] Skipulag, aðferðir eða verklag sem kennari notar til að nemendur læri það sem að er stefnt.

[**skýr.**] Val kennara á kennsluaðferð ræðst af ýmsum þáttum, svo sem námsefni, nemendahóp og áherslum kennara.

[**dæmi**] Algengar kennsluaðferðir eru fyrirlestur, sýnikennsla, umræður og hópvinna.

(heimild skilgreiningar: Ingvar Sigurgeirsson 2013, Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014)

(heimild skýringar: Íðorðanefnd í menntunarfr. 2014)

[**enska**] teaching method

[**sh.**] instructional method, instructional strategy, teaching strategy

[**skilgr.**] A strategy, activity, or procedure for teaching or supporting learning.

[**dæmi**] Some common teaching methods include lectures or exposition, group discussion, case study, demonstration and practice.

(heimild skilgreiningar: Oxford Dictionary of Education 2009)

(heimild dæmis: Oxford Dictionary of Education 2009)

### **kennslufræði námsgreinar**

(flokkun: kennsla og mat)

[**sh.**] kennslufræði greinar

[**skilgr.**] Kennslufræði greinar sameinar inntak námsgreinar og kennslufræði, og snýst um að skilja hvernig tilteknir þættir

námsgreinar eru skipulagðir, aðlagaðir og settir fram til kennslu.

[**skýr.**] sjá skýringu á ensku

(heimild skilgreiningar: Koehler 2011; Shulman, 1986, 1987)

(heimild skýringar: Shulman, 1987)

[**enska**] pedagogical content knowledge

[**sh.**] didactics

[**skilgr.**] Pedagogical content knowledge (PCK) represent the blending of content and pedagogy into an understanding of how particular aspects of subject matter are organised, adapted, and represented for instruction.

[**skýr.**] key elements of pedagogical content knowledge: (1) knowledge of representations of subject matter (content knowledge); (2) understanding of students' conceptions of the subject and the learning and teaching implications that were associated with the specific subject matter; and (3) general pedagogical knowledge (or teaching strategies). To complete what is called the knowledge base for teaching, other elements can be included: (4) curriculum knowledge; (5) knowledge of educational contexts; and (6) knowledge of the purposes of education.

(heimild skilgreiningar: Koehler 2011; Shulman, 1986, 1987)

(heimild skýringar: Shulman, 2987)

### **kunnáttupróf**

(flokkun: kennsla og mat)

[**sh.**] árangurspróf

[**skilgr.**] Próf sem ætlað er að mæla hve mikla þekkingu eða færni próftaki hefur tileinkað sér á tilteknu sviði.

(heimild skilgreiningar: Guðmundur B. Arnkelsson, 2006)

[**enska**] achievement test

[**skilgr.**] Tests measuring how much pupils have learned in a given content area.

(heimild skilgreiningar: Woolfolk, Hughes og Walkup 2008)

### **kynning**

(flokkun: kennsla og mat)

[**sh.**] innlögn

[**skilgr.**] 1. Kennsluaðferð sem felst í að kennari kynnir eða útskýrir efni fyrir nemendum, yfirleitt í stuttu máli. 2. Aðferð



við verkefnaskil þar sem nemendur segja formlega frá verkefni sínu fyrir framan skólafélaga.

[**skýr.**] Kynning sem kennsluaðferð er notuð til þess að kynna námsefni t.d. í upphafi kennslustundar.

[**aths.**] Hugtakið innlögn er oft notað í daglegu tali um kynningu kennara í upphafi kennslustundar.

(heimild skilgreiningar: *Íðorðanefnd, 2015*)

(heimild skýringar: *Íðorðanefnd í menntunarfr. 2012*)

[**enska**] presentation

[**skilgr.**] 1. A teaching strategy where the teacher presents a subject to students. 2. An assignment where students present a subject to an audience (teacher, class, parents etc.).

(heimild skilgreiningar: *Íðorðanefnd í menntunarfr. 2015*)

## L

### lausnaleitarnám

(flokkun: *nám og þroski*)

[**sh.**] lausnaleit, þrautalausnir

[**skilgr.**] Kennsluáðferð sem byggist á því að nemendur fást við raunveruleg úrlausnarefni og leita lausna á þeim.

[**skýr.**] Þetta getur verið einstaklings- eða hópverkefni og geta nemendur skilað lausninni skriflega eða með öðrum hætti.

[**dæmi**] Nemendur fá það verkefni að leita leiða til að nýta úrgang sem til fellur í skólanum eða finna leiðir til orkusparnaður í skólanum. Nemendur fá það verkefni að skipuleggja skólastofuna upp á nýtt vegna breyttra verkefna.

[**aths.**] Sjá vef um Lausnaleitarnám <http://www.pbl.is/hvad.htm>

(heimild skilgreiningar: *Byggt á Ingvar Sigurgeirsson 2014, bls. 156*)

(heimild dæmis: *Ingvar Sigurgeirsson 1999, bls. 110.*)

[**enska**] problem based learning

[**sh.**] problem solving

[**skilgr.**] Methods that provide learners with realistic problems that don't necessarily have "right" answers.

(heimild skilgreiningar: [quizlet.com/20859521/edu-103-final-flash-cards/](http://quizlet.com/20859521/edu-103-final-flash-cards/))

### lausnaleitarnám

(flokkun: *kennsla og mat*)

[**sh.**] þrautalausnir

[**skilgr.**] Kennsluáðferð þar sem nemendum er ætlað að læra með því að fást við að leysa vandamál eða þrautir. Nemendur þjálfast í rökhugsun og læra jafnframt um tiltekið viðfangsefni.

[**aths.**] Sjá vef Þórunnar Óskarsdóttur, Lausnaleitarnám, Problem Based Learning.

(heimild skilgreiningar: *Íðorðanefnd í menntunarfr. 2015*)

[**enska**] problem based learning

[**sh.**] problem solving

[**skilgr.**] A teaching strategie in which students learn about a subject through the experience of problem solving. Students learn both thinking strategies and domain knowledge.

(heimild skilgreiningar: *Wikipedia 2015*)

### leiðbeinandi

(flokkun: *kennsla og mat*)

[**skilgr.**] 1. Á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi er leiðbeinandi sá sem sinnir kennslu án þess að hafa til þess tilskilin réttindi. 2. Á háskólastigi, við símenntun og í tólmundastarfi hefur leiðbeinandi það hlutverk að leiðbeina nemendum um verkefni.

(heimild skilgreiningar: *Íðorðanefnd í menntunarfr. 2012*)

[**enska**] teacher without teacher certification

[**skilgr.**] Person working as a teacher without a certificate.

(heimild skilgreiningar: *Íðorðanefnd í menntunarf. 2014*)

### leiðsagnarmat

(flokkun: *kennsla og mat*)

[**sh.**] símat

[**skilgr.**] Námsmat sem hefur þann megintilgang að veita nemendum endurgjöf til þess að þeir geti bætt árangur sinn á grundvelli matsins.

(heimild skilgreiningar: *Íðorðanefnd í menntunarfr. 2012*)

[**enska**] formative assessment

[**skilgr.**] Assessment which is designed to provide feedback to the learner in order that they may improve their performance.

(heimild skilgreiningar: Oxford Dictionary of Education 2009)

### **leiðsögukennari**

(flokkun: kennsla og mat)

[sh.] leiðsejandi

[skilgr.] 1. Leiðsögukennari veitir einstaklingum eða litlum hópum stuðning í námi. 2. Leiðsögukennari tekur við kennaranemum og leiðbeinir á vettvangi.

(heimild skilgreiningar: Íðordanefnd í menntunarfr. 2014)

[enska] tutor

[skilgr.] Tutor provides support for learning, often for individual or relatively small group of learners, while teaching suggests more actively didactic role.

(heimild skilgreiningar: Oxford Dictionary of Education 2009)

(heimild skýringar: Wallace, 2008)

### **leitaraðferð**

(flokkun: kennsla og mat)

[sh.] rannsóknaraðferð

[skilgr.] Kennsluaðferð sem byggist á því að kennari reifar athugunarefni og nemendur setja fram hugmyndir, tilgátur og skýringar, velja og meta heimildir, vinna úr þeim og draga eigin ályktanir.

[skýr.] Aðferðin leitast við að líkja eftir vinnubrögðum vísindamanna. Beita fræðilegum vinnubrögðum.

(heimild skilgreiningar: Byggt á Ingvar Sigurgeirsson 2013)

(heimild skýringar: Ingvar Sigurgeirsson 2013)

[enska] enquiry learning

[sh.] dicoverly method

[skilgr.] Enquiry learning is an approach in which the teacher presents a puzzling situation and pupils solve the problem by gathering data and testing their conclusion.

(heimild skilgreiningar: Woolfolk, Hughes og Walkup 2008)

### **lesfimi**

(flokkun: nám og þroski)

[sh.] sjálfvirkni í lestri

[skilgr.] Sjálfvirk samhæfing á umskráningu, orðaþekkingu og lesskilningi, þannig að lestur verði bæði nákvæmur, hraður og sjálfvirkur. Nákvæmni felst í að lesa rétt en sjálfvirkni í því að þekkja

framburð og merkingu ritaðs orðs um leið og það ber fyrir augu, fyrirhafnarlaust og án þess að þurfa að einbeita sér að því að umskrá orðið. Lesturinn þarf að vera liðlegur og með réttum áherslum svo að athyglin geti beinst að lesskilningi.

(heimild skilgreiningar: Helga Sigmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir 2007 sótt af Lesvefnum 2013)

[enska] reading fluency

[skilgr.] Fluency is the ability to read a text accurately, quickly, and with expression. Fluency is important because it provides a bridge between word recognition and comprehension. When fluent readers read silently, they recognize words automatically. They group words quickly to help them gain meaning from what they read. Fluent readers read aloud effortlessly and with expression. Their reading sounds natural, as if they are speaking. Readers who have not yet developed fluency read slowly, word by word.

(heimild skilgreiningar: <http://www.readingrockets.org/teaching/reading101/fluency>)

### **leshömlun**

(flokkun: nám og þroski)

[sh.] dyslexía, lestregða

[skilgr.] Sértekur námsörðugleiki af taugalíffræðilegum uppruna sem birtast í erfiðleikum með nákvæman, sjálfvirkan lestur og slakri færni í stafsetningu og umskráningu. Erfiðleikana má í flestum tilfellum rekja til vanda við úrvinnslu máhljóða sem er ekki í samræmi við aðra vitsmunalega hæfni einstaklingsins og er ótengd lestrarkennslu. Dyslexía getur leitt til erfiðleika með lesskilning og lítillar lestrarreynslu, sem aftur getur komið niður á þróun orðaforða og þekkingar.

(heimild skilgreiningar: Lyon, Shaywitz og Shaywitz 2003 sótt af Lesvefnum 2014)

[enska] dyslexia

[skilgr.] Dyslexia is a specific learning disability that is neurological in origin. It is characterized by difficulties with accurate and/or fluent word recognition and by poor spelling and decoding abilities. These difficulties typically result from a deficit in

the phonological component of language that is often unexpected in relation to other cognitive abilities and the provision of effective classroom instruction. Secondary consequences may include problems in reading comprehension and reduced reading experience that can impede the growth of vocabulary and background knowledge.

[skýr.]

<http://www.interdys.org/FAQWhatIs.htm>  
